



since 1894 by

STOOPEN & meeûs

Tækniupplýsingar

ROESTIQUE

RYÐSPARTL

VÖRULÝSING

Roestique er skrautspartl með járndufti sem gefur djúpa og náttúrulega ryðáferð. Einstaklega falleg og lífleg áferð fyrir veggjum og aðra skrautfleti í þurrarýmum, s.s. skápa, við, leirvasa o.fl. Efnið er einnar umferðar efni. Það er ekki ætlað á gólf eða aðra álagsfleti.

Þegar umferð af Roestique hefur verið borin á er ryðmyndun komið af stað með hægbornandi ryðhvata. Eftir u.þ.b. 24 klst. er ryðferlið yfirstaðið.

UMBÚÐASTÆRÐIR OG BLÖNDUN

Roestique er afgreitt í 700 gr dósum (þekja: um 0,8 m²) og 3 kg dósum (þekja: 3-3,5 m²). Hvatinn fylgir með í poka. Saltsýru (25-32%) þarf að kaupa sérstaklega.

UNDIRLAG

Undirlag skal vera hreint, þurrt og laust við olíu, feiti og yfirborðsflögnun. Þrífið óhreina fleti með Nordsjö Málartvätt og vatni. Glansandi yfirborð, t.d. flísar, skal matta með grófum sandpappír.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Í byrjun er borin 1 umferð á flötinn af Stuc Primer grunni (þurrktími +/- 1 klst). Hann lokar yfirborðinu, tryggir góða viðloðun og dregur úr hugsanlegu sigi Roestique eftir að ryðhvati er borinn á. Áður en spartlvinna hefst er ryðhvatin blandaður, sjá neðar.

Roestique er tilbúið til notkunar í dósinni. Hugsanlega er grófara, oxað lag að finna á yfirborði dósarinnar en því skal hræra saman við og nota – það gefur ryðáferðinni bara raunsannari blæ. Spartlið er borið á í þunnum umferðum með plastspaða (0,8-1 kg/m²). Þykkari lög auka hættu á sigi með tilkomu hvatans en of þunn lög geta þornað of hratt og ná þá síður að mynda náttúrulega ryðáferð. Strax og Roestique hefur verið borið á (innan 10 mín) er rakt yfirborðið virkjað með hvatanum. Hann er borinn á með pensli eða loðinni rúllu og strokið/rúllað bæði langs- og þversum. Ekki þrýsta penslinum/rúllunni fast á flötinn en gott er að dúppa yfir svæðið með rökum svampi til að tryggja að pensil/rúlluför komi síður fram þegar ryðferlið fer í gang. Þannig verður ryðáferðin náttúrulegust. Ef hins vegar er sóst eftir skörpum skilum er svampurinn ekki notaður. Aukin þykkt hvatalagsins eykur líkur á myndun gljáandi bletta.

Þegar ryðliturinn byrjar að birtast er enn mögulegt að jafna flötinn að einhverju marki með spaða eða pensli. Bæta má við hvata eða úða yfir með vatni ef nauðsynlegt telst; það gæti sérstaklega átt við í mjög þurru rými (lágt rakastig). Samspil þykkar Roestique og hvatans ákvarðar endanlegt útlit. Sé þykkt Roestique yfir vissu marki getur það sigið örlítið á lóðréttum flötum með tilkomu hvatans. Það gefur fletinum eða veggnum örlítið ójafnt, upphleypt og ekta útlit. Hvatinn breytir strax grágrænum lit Roestique í brúnan og að þurrktíma loknum (2-5 klst) er endanlegi ryðliturinn kominn fram. Eftir sólarhring er Roestique fullþornað og þolir að strokið sé yfir flötinn. Athugið að í röku umhverfi gæti litur tekið breytingum. Forðist þá fastar strokur eða aðra slíka snertingu við flötinn. Eftir þornun má strjúka létt yfir með rökum svamp til að jafna áferð. Það dekkir litinn örlítið og minnkar hættu á blettamyndun (þrífið fyrst á lítið áberandi stað).

Mikilvægt er að æfa sig á litlum fleti áður en tekist er á við fyrirhugaðan flöt. Við mælum með að tveir vinni saman við stærri fleti.

TÆKNIUPPLÝSINGAR

Eðlisástand	Grár massi (ljósgrænn/brúnn/ svartur, fer eftir snertingu við loft)	Hvati	Blandið duftinu (10g) í 400 ml vatns, hrærið og bætið síðan við 40-50 ml af saltsýru.
Eðlisþyngd	1,15 kg/L		Hrærið vandlega 2-3 sinnum á næstu 15 mínútum. Eftir það er hvatinn orðinn glær og gelkenndur og geymist lengi.
Efnisnotkun	0,8-1,0 kg/ m ²		
Geymsluþol í lokuðum umbúðum	12 mánuðir að lágmarki		

ATHUGIÐ

Hvatablandan er súr. Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur. **HÆTTA:** Veldur alvarlegum augnskaða. **BERIST EFNID** Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið strax lækni. **VARÚÐ:** Veldur húðertingu. **BERIST EFNID** Á HÚÐ: Þvoið varlega með mikilli sápu og vatni. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. **EFTIR INNÖNDUN:** Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. Geymið þar sem börn ná ekki til.

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar www.serefni.is.

